

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 3. júní, var haldinn 80. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:07. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Ragnar Hansson (Æ) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P), Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórnar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórnar í leikskólum; Sara Þöll Finnþogadóttir, Reykjavíkurráð ungmenna og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27. mars 2015, þar sem vísað er til meðferðar skóla- og frístundaráðs svohljóðandi tillögu Arnars Hauks Rúnarssonar frá ungmennaráði Kringluhverfis:

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að útfæra kennslu í fjármálalæsi og réttindum á vinnumarkaði í grunnskólum Reykjavíkur á haustönn 2016.

Greinargerð fylgir.

Arnar Haukur Rúnarsson kynnir og svarar fyrirspurnum.

Jafnframt lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. maí 2015, varðandi tillöguna. SFS2015030169

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð vísar tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um kennslu í fjármálalæsi og réttindum á vinnumarkaði til sviðsstjóra til meðferðar og útfærslu. Einnig felur skóla- og frístundaráð skóla- og frístundasviði að upplýsa og vekja athygli skólastjórnenda á tillögunni og afdrifum hennar.

Samþykkt.

Eygló Rúnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs þakkar fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir tillögu sína um kennslu í fjármálalæsi og réttindum á vinnumarkaði í grunnskólum og tekur undir sjónarmið þeirra um mikilvægi fjármálalæsis í uppeldi og þroska barna. Tillögunni hefur verið vísað til efnislegrar meðferðar og mun ráðið fylgja henni eftir af heilum hug.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina í skóla og frístundaráði þakka fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir tillögu um kennslu í fjármálalæsi og þekkingu á réttindum ungmenna á vinnumarkaði. Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Menntasviðs Reykjavíkur til skólastjóra 2009 kom í ljós að fræðsla varðandi fjármálalæsi hefur verið dreifð á ýmsar námsgreinar og eins hefur heildarmagn og heildarumfang kennslunnar verið mjög mismikið eftir skólum. Ljóst er að skerpa þarf á þessari fræðslu og móta þarf heildstæða stefnu um tilhögun kennslunnar og bæta úr þeim skorti sem er á námsefni á þessu sviði.

2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. maí 2015, um verklagsreglur viðbragðsteymis vegna alvarlegra brota á skólareglum með tillögum starfshóps um undirbúning og stofnun teymis til stuðnings við börn og ungmenni á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda. Björk Jónsdóttir, skólastjóri Brúarskóla og Hrund Logadóttir verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015020205

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð þakkar Hrund Logadóttur og Björk Jónsdóttur fyrir kynningu á teymi um aukinn stuðning við börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að kanna möguleika á því að ráða starfsmann í hálfa stöðu við Brúarskóla sem ráðgjafa í fjölþættum vanda barna. Sviðsstjóri upplýsir skóla- og frístundaráð um gang mála fyrir skólabyrjun í haust.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata fagna áfanganiðurstöðu teymis um aukinn stuðning við börn með fjölþættan vanda um hvernig skuli bregðast við bráðavanda. Bent er á að teymið mun jafnframt leita lausna til lengri tíma með því að virkja betur viðeigandi úrræði sem eru til staðar og koma með tillögum að nýjum úrræðum til að bæta þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Við þökkum Björk Jónsdóttur og Hrund Logadóttur fyrir kynningu á tillögum um viðbragðsteymi um aukinn stuðning við börn og ungmenni sem glíma við fjölþættan vanda. Umræddar tillögur eru tvímælalaust skref í rétta átt. Í ljósi þess vanda, sem við er að etja, hefðum við þó viljað að ráðist yrði í mun umfangsmeiri aðgerðir en hér er lagt til og að þær hefðu hafist á því skólaári sem nú eru einungis nokkrar dagar eftir af. Þá óskum við eftir því að fulltrúi frístundamiðstöðva verði skipaður sem fullgildur fulltrúi í umrætt viðbragðsteymi og að einnig verði óskað eftir samstarfi við SÁÁ um verkefnið.

Við minnum á tillögu um ráðstafanir og úrræði til að mæta þörfum grunnskólanemenda, sem eiga við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða, sem byggðist á vel útfærðum tillögum skólastjóra í Reykjavík um málið. Tillagan var lögð fram af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði í janúar sl. en felld af fulltrúum Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna á fundi ráðsins 4. febrúar. Þegar sú afgreiðsla lá fyrir, vörðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins við því að með því að vísa málinu til nefndar, eins og meirihlutinn kaus að gera, væri ljóst að nýjum úrræðum yrði trauðla hleypt af stokkunum á yfirstandandi skólaári. Sú hefur því miður orðið raunin og ítrekum við gagnrýni okkar á kæruleysi meirihlutans í þessu alvarlega máli.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla - og frístundaráðs bendir sérstaklega á að á síðasta ári var brugðist við óskum skólastjórnenda um verulega aukinn stuðning við börn í fjölþættum vanda með viðbótarstuðningi í formi ráðgjafar Brúarskóla við grunnskóla borgarinnar. Því til viðbótar kemur svo nýtt viðbragðsteymi sem er til taks þegar taka þarf á bráðavanda og í þriðja lagi stendur til að styrkja og fjölga úrræðum til að takast enn betur á við vandann.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúum meirihlutans dugar ekki að vísa til fortíðar þegar þessi vandi er til umfjöllunar enda kom berlega í ljós sl. vetur að ólíklegt er að hann verði leystur á grundvelli núverandi úrræða. Það sem skiptir máli er hvernig tekist verður á við umræddan vanda til framtíðar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina fagnar auknum umræðum um hvernig bæta má þjónustu við börn með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra en Framsókn og flugvallarvinir óskuðu eftir endurskoðun á gildandi verklagsreglum varðandi þessi mál í október 2014. Sú vinna fékkst strax í gang og hefur nú skilað sér í margvíslegu formi þó enn sé mikið verk óunnið. Margt jákvætt og uppbyggilegt er t.d. að finna í teymisvinnunni sem kynnt var á fundi skóla og frístundaráðs í dag og tengist einkum úrræðum í eða tengdum starfsemi Brúarskóla og miðast við skammtímalausnir. Nú er brýnt að hraða mjög og efla áframhaldandi vinnu, treysta samfellu og samvinnu allra aðila og stofnana sem tengjast málefnum barna með fjölþættan vanda. Það eru einnig fleiri en sjálft barnið með fjölþætta vandann sem þurfa stuðning því að barninu koma fleiri einstaklingar, bæði nánasta fjölskylda og bekkjarfélagar. Brýnt er að þessir einstaklingar fái einnig nauðsynlegan stuðning og fræðslu sem verður svo einnig til þess að auðvelda barninu sem er í vandanum að ná fyrr bata og aðlagast aðstæðum á ný.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. maí 2015, varðandi áherslur styrkja skóla- og frístundaráðs fyrir árið 2016. SFS2015050162

Lagðar eru til eftirfarandi áherslur vegna þróunarstyrkja skóla- og frístundaráðs fyrir árið 2016:

- Málproski, læsi og lesskilningur
- Verk-, tækni- og listnám
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Náttúra, vísindi og sjálfbærni
- Fjölmennning
- Gæði og fagmennska

Samþykkt.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. maí 2015, varðandi umsagnir um þjónustusamning Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík. Jafnframt lagðar fram umsagnir um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík frá Samtökum sjálfstæðra skóla og Samtaka verslunar og þjónustu, dags. 22. maí 2015; Landakotsskóla, dags. 21. maí 2015; Waldorfskólanum Sólstöfum, dags. 21. maí 2015 og Waldorfskólanum Lækjarbotnum, dags. 13. maí 2015. Einnig drög að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík. SFS2013090060

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að taka afstöðu til umsagna og athugasemda sem borist hafa í tengslum við drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna grunnskóla. Jafnframt er sviðsstjóra falið að leita lausna varðandi hámarksfjölda nemenda sem greitt verður framlag vegna.

Samþykkt með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata árétta mikilvægi þess að gerðir séu samningar við sjálfstætt starfandi grunnskóla. Rétt er að vekja athygli á því að hver nemandi sem flyst úr borgarreknum skólum í sjálfstætt rekna kallar á viðbótarútgjöld úr borgarsjóði og því er eðlilegt og ábyrgt að setja fjölgun þeirra einhver mörk eins og gert er ráð fyrir í samningsdrögum. Eru samningar milli Reykjavíkurborgar og hvers sjálfstæðs rekens grunnskóla leið til að skýra og auka gagnsæi um fjármagn sem rennur til þeirra.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja mikilvægt að Reykjavíkurborg skerði ekki rekstraraðstæður sjálfstætt rekinna skóla frá því sem nú er. Eðlilegt er að greiðsla framlags borgarinnar vegna fjölda reykvískra barna í sjálfstætt reknum skólum, takmarkist af húsrými viðkomandi skóla eins og tíðkast í borgarreknum skólum, en ekki sé miðað við punktstöðu á tímabili þar sem sumir sjálfstætt reknir skólar glímdu við nemendafækkun sem rekja mátti til efnahagsörðugleika í þjóðfélaginu.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. maí 2015, um staðfestingu starfsáætlana og skóladagatala grunnskóla Reykjavíkur skólaárið 2015 – 2016. SFS2015010058

Samþykkt.

6. Ráðning leikskólastjóra í Fífuborg. SFS2015050082

Lögð fram:

- a) Greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. júní 2015, vegna ráðningar í stöðu leikskólastjóra í Fífuborg.
- b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu leikskólastjóra í Fífuborg.
- c) Auglýsing um stöðu leikskólastjóra við leikskólann Fífuborg.

Fimm umsóknir bárust um stöðuna.

Sviðsstjóri leggur til að Sæunn Elfa Pedersen Karlsdóttir verði ráðin í stöðu leikskólastjóra við leikskólann Fífuborg.

Samþykkt.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Sæunni Elfu Pedersen Karlsdóttur velfarnaðar í starfi og þakkar fráfaramandi leikskólastjóra Elínu Ásgrímsdóttur vel unnin störf í þágu leikskólastarfs í Reykjavík um árabíl.

7. Ráðning skólastjóra í Fellaskóla. SFS2015050332

Lögð fram:

- a) Greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. júní 2015, vegna ráðningar í stöðu skólastjóra við Fellaskóla.
- b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra við Fellaskóla.
- c) Auglýsing um stöðu skólastjóra við Fellaskóla.
- d) Viðmið skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við grunnskóla í Reykjavík, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011.

Fjórar umsóknir bárust um stöðuna.

Sviðsstjóri leggur til að Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir verði ráðin í stöðu skólastjóra við Fellaskóla.
Samþykkt.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Sigurlaugu Hrund Svavarsdóttur velfarnaðar í starfi og þakkar fráfarandi skólastjóra Kristínu Jóhannesdóttur fyrir vel unnin störf í þágu Fellaskóla um árabil.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. maí 2015, varðandi umsókn um rekstrarleyfi fyrir leikskólann Skerjagarð og brottfall eldra rekstrarleyfis. Jafnframt lögð fram bréf Skerjagarðs ehf. og Leikskólans Skerjagarðs ehf., dags. 18. maí og 28. apríl 2015 auk umboðs. SFS2015020174

Rekstrarleyfi fyrir Leikskólann Skerjagarð ehf, kt. 590315-1250 samþykkt og skal það taka gildi 1. ágúst 2015. Jafnframt samþykkt að frá sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi Skerjagarðs ehf, kt. 500303-2390.

9. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. maí 2015, varðandi framlag vegna dvalar reykviskra barna í leikskólanum Skerjagarði ásamt drögum að samningi um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskólans Skerjagarðs og samningur um framlag til sjálfstætt starfandi leikskólans Skerjagarðs, dags. 19. maí 2010. Jafnframt lögð fram bréf Skerjagarðs ehf. og Leikskólans Skerjagarðs ehf., dags. 18. maí og 28. apríl 2015 auk umboðs. SFS2015020174

Drög að samningi, sem tekur gildi 1. ágúst 2015, um framlag til Leikskólans Skerjagarðs ehf. samþykkt og vísað til borgarráðs. Jafnframt samþykkt og vísað til borgarráðs að frá sama tíma falli úr gildi samningur skóla- og frístundasviðs við Skerjagarð ehf.

10. Lögð fram drög að samningi milli skóla- og frístundasviðs og Íþróttafélags fatlaðra um sundkennslu grunnskólanemenda í Reykjavík með fötlun og þroskafrávik. Jafnframt lagðar fram reglur Reykjavíkurborgar um styrki. SFS2015060001
Samþykkt.

11. Vinnumat í nýjum kjarasamningi grunnskólakennara. Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015060047

Áheyrnarfulltrúi skólastjóra í Reykjavík leggur fram svohljóðandi bókun:

Skólastjórnendur í Reykjavík skora á yfirstjórn skólamála í Reykjavíkurborg að skapa fjárhagslegan sveigjanleika til dreifstjórnunar og ábyrgðar á faglegum verkefnum í grunnskólum borgarinnar. Ljóst er að yfirstjórn skólamála í Reykjavíkurborg mun ekki setja fjármagn í C hluta vinnumats kjarasamninga grunnskólakennara til að skapa sveigjanleika til dreifstjórnunar. Í síðustu kjarasamningum var ákveðið fjármagn eyrnamerkt þessum mikilvægum málum, en

skólastjórar gátu þá ráðstafað því fjármagni (pottflokkar) til kennara til að greiða þeim fyrir sérstaka vinnu og ábyrgð á faglegum verkefnum. Í þessu samhengi er bent á að árið 2009 var 30% niðurskurður á stjórnunarkvóta til grunnskólanna og árið 2010 var 20% niðurskurður á stjórnunarkvóta til grunnskólanna, samtals hefur því stjórnunarkvótinn dregist saman um 50% eftir hrun. Nú er því enn búið að skerða þann sveigjanleika sem skólastjórnendur hafa til dreifstjórnunar og úr því þarf að bæta sem allra fyrst svo grunnskólar Reykjavíkur geti verið í fararbroddi í faglegri þróun. Að endingu er bent á að í bókinni Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar kemur fram að þátttaka í öllum megin ákvörðunum, valddreifing og sjálfsstæði starfsmanna er talin lykilatriði í farsælli stjórnun. Rannsóknir sýna að nemendur skóla sem nýta sér mannauðinn með dreifstýrðri forystu ná betri árangri í námi en í þeim skólum þar sem stjórnunin er í höndum fárra aðila.

12. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. maí 2015, varðandi innleiðingaráætlun á tillögum fagraðs um læsi ásamt framkvæmdaáætlun. Guðrún Edda Bentsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjórar á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs kynna og svara fyrirspurnum. SFS2014080071

Tillögur fagraðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilning í leik- og grunnskólum um innleiðingaráætlun samþykktar.

- Kl. 13:43 vikur Ragnar Hansson af fundi.

13. Lagt fram bréf frá stjórn Landakotsskóla, dags. 29. apríl 2015, varðandi áform Landakotsskóla um þróun náms í takti við alþjóðleg viðmið og minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. maí 2015. Jafnframt lögð fram greinargerð vegna áforma Landakotsskóla að hefja kennslu í alþjóðlegri deild haustið 2015 og bréf Edward M Farmer, dags. 27. maí 2015 og bréf Adrienne L. Gersnoviez-Frybarger, dags. 29. maí 2015. SFS2015040095
Frestað.

14. Dagskrárlið 13 í útsendri dagskrá varðandi afhendingu hvatningarverðlauna frestað.

15. Lögð fram skýrslan *Viðhorf foreldra barna í frístundaheimilum*, dags. 1. maí 2015. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfraði- og rannsóknarþjónustu kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015060023

16. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. maí 2015, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, dags. 1. apríl 2015, varðandi notkun á kennslustofum grunnskóla Reykjavíkurborgar. SFS2015050342

17. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. maí 2015, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 29. apríl 2015, varðandi netnotkun og netfíkn barna og unglinga á grunnskólaaldri. SFS2015050015

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, skólastjóra og foreldra barna í grunnskóla í Reykjavík, leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, skólastjóra og foreldra barna í grunnskólum óska eftir við skóla- og frístundaráð að farið verði í markvissa skimun á netnotkun barna og unglinga í Reykjavík í frítíma þeirra. Fulltrúarnir hafa miklar áhyggjur vegna vísbendinga um aukna net- og tölvunotkun undanfarin misseri m.a. með tilkomu snjallsíma og annarra tækja. Mikilvægt er að greina stöðu mála til að hægt verði með markvissum hætt að grípa til aðgerða ef þörf krefur og ef um aukinn vanda er að etja.

- Kl. 14.27 vikur Soffía Pálsdóttir af fundi og Harpa Rut Hilmarsdóttir tekur þar sæti.
- Kl. 14:30 vikur Atli Steinn Árnason af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina þakkar fengin svör á fundi skóla og frístundaráðs í dag við fyrirspurn sinni um fjölda tilkynninga varðandi netnotkun og netfíkla sem lögð var fram 29. apríl sl. Þó ekki sé unnt að álykta um umfang og alvarleika netfíknar er þar þó að finna upplýsingar sem benda sterklega til alvarlegs vanda sem nauðsynlegt er að bregðast við. Áhersla Framsóknar og flugvallarvina á þennan málaflokk er skýr og hér með ítrekuð um leið og því er fagnað að pólitískur meirihluti skóla- og frístundaráðs sem og fleiri fulltrúar á sviðinu hafa lýst miklum áhuga á að koma að góðu samstarfi og aðkomu að þessu áherslumáli okkar Framsóknar og flugvallarvina.

18. Ytra mat í skóla- og frístundastarfi. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknarþjónustu skóla- og frístundasviðs og Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015060052

- Kl. 14:55 vikur Hildur Skarphéðinsdóttir af fundi.
- Kl. 15:05 tekur Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 15:10 vikur Auður Árný Stefánsdóttir af fundi.

19. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. maí 2015, um menningarfána, viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarstarfsemi á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri Barnamenningar á skóla- og frístundasviði, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2014060173

20. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. maí 2015, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 15. apríl 2015, varðandi fyrirkomulag brunavarna við Háaleitisskóla – Álfamýri. SFS2015040080

- Kl. 15:25 vikur Valgerður Janusdóttir af fundi.

21. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. maí 2015, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 13. maí 2015, varðandi biðlista eftir leikskólavist. SFS2015050260

22. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarráðs að ráðist verði í átak vegna viðhalds og endurbóta á húsnæði og lóðum leikskóla í borginni. Þá er brýnt að sem fyrst verði hafist handa við málningu leiktækja á lóðum leikskóla og grunnskóla, sem liggja allvíða undir skemmdum vegna viðhaldsskorts.

Frestað. SFS2015060053

23. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð óskar eftir því við umhverfis- og skipulagssvið að komið verði upp salernisaðstöðu við útileiksvæðið í Gufunesi. Með sívaxandi notkun svæðisins, m.a. vegna vinsælda álfahóls, brettagarðs, strandblakvalla og ævintýrakastala er æskilegt að salernisaðstaða sé fyrir hendi þegar frístundamiðstöðin er lokuð um kvöld og helgar.

Frestað. SFS2015060054

24. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að gerðar verði ráðstafanir til þess að frístundaheimili fyrir nemendur Klettaskóla verði opin í sumar svo viðkomandi nemendur geti notið þess að vera á öruggum stað í umhverfi og innan um fólk sem þau þekkja.

Frestað. SFS2015060055

25. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um hlutfall leikskólakennara af starfsmönnum leikskóla í Reykjavík, bæði borgarreknum og sjálfstætt reknum, undanfarin fimm ár.
SFS2015060056

Fundi slitið kl. 15.52

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Sabine Leskopf

Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir